



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/554
komudagur 6.12.2013

Gunnarsholti, 6. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, 167. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 25. nóvember sl., hvar óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um brottfall laga um náttúruvernd.

Landgræðsla ríkisins hefur í erindum og úmsögnum á síðustu misserum og árum veitt úmsögn á málum er ýmist hafa varðar breytingar á eldri lögum um náttúruvernd eða ný lög um það sama málefni. Umbeðnar úmsagnir hafa ýmist verið sendar viðkomandi nefnd Alþingis eða til ráðuneytis umhverfismála. Brýn þörf hefur um árabíl verið á öðru tveggja, að endurskoða náttúruverndarlögin frá 1999 eða fella þau úr gildi og setja ný lög um það efni. Núgildandi náttúruverndarlög frá 1999 taka ýmist alls ekki eða ekki með fullnægjandi hætti á mjög mikilsverðum atriðum. Brýnt er að úr því verði bætt.

Ný lög um náttúruvernd nr. 60 frá 10. apríl 2013 veita brýna réttarbót á mörgum sviðum. Tekið var tillit til margra ábendinga Landgræðslunnar um ýmis þau atriði sem stofnunin gerði athugasemdir við í fyrri úmsögnum sínum í aðdraganda þeirrar lagasetningar.


Í lögum nr. 60/2013 eru fjölmörg atriði er varða málefni landgræðslu á Íslandi í víðum skilningi. Í flestum, ef ekki öllum, þessara atriða felast verulegar bætur frá þeim fábrottnari reglum sem nú eru í gildi. Með vísan til einstakra málaflokka er Landgræðsluna varðar fagnar stofnunin ýmsum ákvæðum er lúta að akstri utan vega (V. kafli). Í samanburði við önnur lönd hefur ríkt hálfgerst stjórnleysi hér á landi í mótun á vegakerfi þjóðarinnar og hefur fjöldi „vegslóða“ ratað á kort án tillits til uppruna þeirra og/eða tilgangs og án þess að leitað hafi verið samþykkis viðkomandi landeigenda og/eða sveitarfélaga. Af aukinni umferð um viðkvæmar leiðir stafa víða mikil spjöll á gróðri og jarðvegi. Meðal nýmæla í lögnum er að gera skuli kortagrunn „þar sem merktir skulu vegir og vegslóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum um.“ Slíkt er löngu tímabært, en hins vegar veita lögin þó ekki nægjanlegt aðhald vegna aksturs vélknúinna ökutækja á vegslóðum, á kostnað umhverfisverndar og skipulagssjónarmiða. Í því samhengi er vert að benda á nauðsyn þess að skýra betur ferlana sem þurfa að vera undanfari birtingar vegslóða á landakortum.

Starf að uppgræðslu og öðrum landbótum felst í meginráttum í því að aðstoða náttúruna sjálfa við að lækna sár sín og það er veigamesta aflið í vernd og endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni hér á land. Í lögum nr. 60/2013 er ekkert sem hindrar það starf, en ákvæðin mætti einfalda í sumum tilfellum. Landgræðslan áréttar mikilvægi þess að í lögum séu skýr ákvæði varðandi innflutning og dreifingu ágengra framandi lífvera og á það jafnt við um flóru og fínu. Slíkar tegundir, sem dreifast kunna fyrir slysi, geta valdið óbætunlegum skaða.

Ekki verður hér fjallað um fleiri atriði en ljóst er að mun fleira í náttúruverndarlögum tengist Landgræðslu ríkisins og því starfi sem stofnunin vinnur að.

Í heildina séð fela náttúruverndarlög þau sem samþykkt voru í apríl 2013 í sér miklar og mikilvægar umbætur, samanborið við lög frá 1999. Þó eru þar atriði sem ástæða gæti verið til að endurskoða og betrubæta. Ef ný lög um náttúruvernd verða felld úr gildi er brýnt að það verði ekki til þess að tómarúm myndist á mikilvægum sviðum náttúruverndar á Íslandi, slíkt gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir umhverfismál nútímans.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins


Birkir Snær Fannarsson, hdl.